

# Sóknaráætlun Vestfjarða - 2018

Árleg greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga um  
framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Mat á árangri sóknaráætlunar</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Fjárframlög til sammingsins</b> .....	<b>5</b>
<b>3. Samráðsvettvangur</b> .....	<b>6</b>
<b>Áhersluverkefni</b> .....	<b>8</b>
Áhersluverkefni unnin á árinu 2018.....	9
InWest.....	9
Umhverfissvottaðir Vestfirðir .....	9
Þróunarsetur á Vestfjörðum.....	9
Straumar .....	9
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum.....	9
Eldri verkefni sem var lokið á árinu .....	10
Vestfirðir altengdir. ....	10
Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum.....	10
Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun .....	11
Viðaukasamningur .....	11
Ný verkefni á árinu 2018 .....	12
Svæðisskipulag Vestfjarða .....	12
Sviðsmyndaverkefnið .....	12
Almannatengsl fyrir Vestfirði.....	12
Lýðháskóli á Vestfjörðum .....	12
Vestfirsku þorpin.....	12
Meistaranám í sjávarbyggðafraeðum .....	12
<b>4. Uppbyggingarsjóður</b> .....	<b>13</b>
Úthlutunarnefnd .....	13
Fyrirmyndarverkefni .....	14
Litli sótarinn / Kalli og súkkulaðiverksmiðjan .....	14
Heimildarmynd um Samúel í Selárdal.....	14
Málþing um fornmenningu Stranda.....	14
Dokkan.....	14
Nýting á krækling af fiskeldiskvíum.....	14
<b>5. Lokaorð</b> .....	<b>17</b>
<b>6. Undirritun og staðfesting</b> .....	<b>17</b>
<b>7. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum</b> .....	<b>18</b>

## Inngangur

Rekstur Sóknaráætlunar Vestfjarða gekk vel á árinu 2018 innan þess fjárhagsramma sem áætluninni er settur. Uppbyggingarsjóður úthlutar nú einu sinni á ári og miðast úthlutunarferlið við að niðurstaða Úthlutunarnefndar liggi fyrir í desember þannig að hefja megi útborgun strax í upphafi starfsárs. Val á áhersluverkefnum hefur hinsvegar ekki náð álíka rútinu en er í sífellidri þróun m.a. um aðferðafræði í samskiptum samráðsvettvangs. Umsjón með rekstri sóknaráætlunar þurfti eins og fyrri ár fjárstuðning af framlögum sveitarfélaga til Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Starfsárið einkenndist af breytingum á stafsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða með sameiningu verkefna þessara aðila undir merkjum Vestfjarðastofu. Samkvæmt samkomulagi við stjórn FV mun Vestfjarðastofa, í umboði FV, sjá um rekstur Sóknaráætlunar Vestfjarða. Vestfjarðastofa mun í samráði við stjórn FV gæta hagsmuna áætlunarinnar gagnvart Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og á samráðsvettvangi landshlutasamtaka sveitarfélaga. FV ber ábyrgð á fjármálum áætlunarinnar, tekur við framlögum og greiðir þau út. Fjórðungsþing Vestfirðinga kys í Úthlutunarnefnd og er æðsta vald í ákvörðunum er varða áætlunina.

Stefnt er að því að vinna endurmat á starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 á fyrri hluta árs 2019 og leggja það inn í vinnu að undirbúningi Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Nauðsynlegt er að lagt verði fram sértækt fjármagn til að standa að slíkri vinnu.

## 1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Áriðandi er að aðgreina rekstur menningarhúsa frá öðrum menningarstofnunum.

Menningarhús landshlutans, Edinborgarhúsið á Ísafirði, sagnar til sín of stóran hluta fjármagns Sóknaráætlunar. Edinborgarhúsið er mikilvægt í menningaruppbyggingu fyrir allan landshlutann og stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum árið um kring. Því er mikilvægt að húsið hafi burði til að hafa viðburðarstjóra sem heldur utan um það starf sem þar fer fram. Með því að ríkið geri sérstakan samning beint við Edinborgarhúsið, e.t.v. á svipaðan hátt og gert er á Akureyri, skapast svigrúm innan Sóknaráætlunar til að leggja aukið fjármagn til menningarverkefna á svæðinu.

Framkvæmdaráð Sóknaráætlunar lagði fram tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2018 á grundvelli samskipta samráðsvettvangs áætlunarinnar með aðstoð „Beta Ísland“. Unnið var að áhersluverkefnum sem samþykkt voru árið 2017 og árinu 2018.

Vel hefur gengið að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins, að því marki sem fjárhagsrammi áætlunarinnar gefur tilefni til. Ný Byggaáætlun 2018-2022 styður við markmið sóknaráætlunar á margvíslegan hátt, með auknu fjármagni og með skilgreindum verkefnum ráðuneyta og stofnana þeirra. Fleiri áætlanir ríkisins ættu á sama hátt að horfa til viðmiða sóknaráætlana og styðja á þann hátt við framkvæmd þeirra. Ljóst er hinsvegar að auka þarf við fjármagn til sóknaráætlana á næsta áætlunartímabili ef markmið þeirra eiga fram að ganga. Ekki er gert ráð fyrir hækkun framlaga í Ríkisfjármálaáætlun 2019-2023 og því þarf breyta við afgreiðslu Ríkisfjármálaáætlunar 2020-2024.

Unnið var á árinu 2018 að framkvæmd verkefna á grundvelli viðaukasamnings um verkefni sem byggðu að hluta á tillögum í skýrslu nefndar forsætisráðherra frá í september 2016 Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði með áherslu á atvinnu- og samfélagsþróun. Í ársskýrslu Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2017 er skýrt nánar frá markmiðum og ramma þessa viðaukasamnings.

Ágætur árangur hefur náðst í þeim verkefnum sem svigrúm var til að ráðast í eða styrkt voru af Uppbyggingarsjóði. Menningarstarfsemi hefur eflst, bæði í litlum verkefnum s.s. leiksýningum og stórum verkefnum í tengslum við starfsemi menningarstofnana. Talsverð nýsköpun fer fram í menningartengdri ferðaþjónustu. Það er hinsvegar verulegt áhyggjuefni að starfsemi menningarstofnana berst þó víðast hvar í bökkum vegna takmarkaðs fjármagns.

Árangur af áhersluverkefnum var ágætur, einkum hvað varðar áherslur í umhverfismálum með samþykki umhverfsvottunar á starfsemi sveitarfélaga, efling markaðsstarfs ferðaþjónustunnar, aukin tækifæri í nýtingu jarðhita og öflugri kynningu og markmiðssetningu í málefnum Vestfjarða.

## 2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2018 var kr.107.666.571,- Samkvæmt samningnum sjálfum skiptist framlag ríkisins á milli framlags mennta- og menningarmálaráðuneytis og framlags atvinnu og nýsköpunarráðuneytis. Framlag sveitarfélaga á Vestfjörðum sem er eyrnamerkt menningarmálum var kr. 7.910.000.-

TAFLA 1: HEILDARFJÁRHÆÐ TIL RÁÐSTÖFUNAR 2018

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	107.666.571
Viðaukasamningar	
Framlög sveitarfélaga	7.910.000
Önnur framlög	
Flutt frá fyrra ári	500.000
Vaxtatekjur	507.564
<b>Samtals</b>	<b>116.584.135</b>

Til skýringar á töflu 1 skal tekið fram að vaxtatekjur sem færðar eru á árinu 2018 koma til á síðasta degi ársins og þeim er ekki ráðstafað í verkefni fyrr en í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Vaxtatekjur lækka á milli ára vegna lægri inneignar á reikningum tengdum Sóknaráætlun.

TAFLA 2: RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA 2018

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	43.076.571
Uppbyggingarsjóður	45.000.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	19.500.000
Viðaukasamningar	0
Umsýsla	8.000.000
Óráðstafað 2018	1.007.564
<b>Samtals</b>	<b>116.584.135</b>

Ráðstafað var um 43,1 mkr til áhersluverkefna, 45 mkr til úthlutunar í atvinnuþróunar- og menningarstyrki og 19,5 mkr. í stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli umsókna. Til umsýslu voru lagðar 8 mkr og um 1 mkr er óráðstafað fé af vöxtum og endurgreiddir styrkir verkefna. Ákveðið var að fella niður kr. 500.000,- af þeim styrkjum sem veittir voru á árinu 2018 þar sem tveir styrkþegar hættu við framkvæmd verkefna.

### 3. Samráðsvettvangur

#### Skipan nýs samráðsvettvangs.

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í maí 2018 var sent erindi á sveitarfélögin á Vestfjörðum um að þau tilnefndu að nýju fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaaráætlunar Vestfjarða. Óskað var eftir að þau tilgreindu einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnubrúun, menningu, mannauð og lýðfræðilega þróun. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi.

TAFLA 3: SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTVA NG

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	1	Strandabyggð		25-39 ára	1	Karlar	1
Atvinnulífið	5	Vesturb/ Tálknafj/Ísaf/Bol/Súðavík		40-60 ára	5	Karlar	5
Sveitarfélag	1	Strandab		25-39 ára	1	kona	1
Sveitarfélag	6	Vesturb/Tálknaf/ Ísaf/Súðavík		40-60 ára	6	Karl / Kona	6
Nýsköpun/skapandi gr	5	Vesturb/Bolungarv/ Súðavík		25-39 ára	5	Konur	5
Nýsköpun/skapandi gr	6	Strandab/Tálknafj/ Súðavík/Vesturb		40-60 ára	6	Karl / Kona	6
Fræðasamfélag	3	Tálknafj/Súðavík/Ísafj		25-39 ára	3	Karl / Kona	3
Fræðasamfélag	4	Strandab/Vesturb/Ísafj		40-60 ára	4	Karl / Kona	4
Kjörnir fulltrúar	4	Bolungav/Reykhólahr/Kaldranavík		25-39 ára	4	Karl / Kona	4
Kjörnir fulltrúar	4	Ísafj/Bolungavík		40-60 ára	4	Karl / Kona	4
Kjörnir fulltrúar	1	Árneshreppur		< 60 ára	1	kona	1
Annað	5	Súðavíkurehreppur/Kaldranavík		40-60 ára	5	kona	5
	0						0
Annað	0						0
<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>Samtals</b>	<b>45</b>

Þegar hóparnir voru rýndir þá kom í ljós að sveitarfélögin setja frekar karla í hópinn atvinnulíf en konur í hópinn nýsköpun og skapandi greinar. Hins vegar skiptist hópurnir tiltölulega jafnt á milli kynjanna.

## Fyrirkomulag samráðsvettvangs.

Á snertifundi samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Vestfjarða þann 7. nóv 2017 var ákveðið að ákvörðun um áhersluverkefni ársins 2018 yrði unnin með rafrænu samráði. Sett var upp svæði á [www.betraisland.is](http://www.betraisland.is) þar sem fulltrúum samráðsvettvangs gafst kostur á að setja inn hugmyndir að verkefnum og rökræða kosti þeirra og galla. Allir fulltrúar samráðsvettvangs fengu boð í lok janúar um að skrá sig inn á Betra Ísland og leiðbeiningar um markmið og tilgang. Tæpur helmingur af 45 fulltrúa samráðsvettvangsins höfðu skráð sig inn í byrjun mars. Starfsfólk Vestfjarðastofu hringdi í þá sem ekki höfðu skráð sig inn og nýtt boð var sent til allra. Í kjölfarið höfðu 42 af 45 fulltrúum skráð sig inn á vettvanginn.

Á fundi formanns samráðsvettvangsins og starfsmanna Vestfjarðastofu föstudaginn 23. mars 2018 var rætt um að skýra betur hlutverk samráðsvettvangs og framkvæmdaráðs og lagt var til eftirfarandi verklag við ákvarðanir um áhersluverkefni:

1. Samráðsvettvangur er virkjaður á Betra Ísland. Setja inn hugmyndir að verkefnum, rökræða kosti þeirra og galla, með og á móti. (3 apríl lokadagsetning)
2. Vestfjarðastofa tekur verkefnin og gerir nk. fýsileikagreiningu og stillir upp tillögu að áhersluverkefnum m.v. fjármagn ofl. (9. apríl lokadagssetning)
3. Framkvæmdaráð samráðsvettvangs fundar og fjallar um tillöguna, samþykkir, breytir eða hafnar. Þeirra tillaga fer til stjórnar Vestfjarðastofu. (11. apríl)
4. Stjórn Vestfjarðastofu fjallar um tillögu, samþykkir eða breytir. (13. apríl)
5. Tillagan send til Stýrihóps Stjórnarráðsins um Byggðamál (16. apríl)

Bréf um þetta verklag var sent í tölvupósti af formanni framkvæmdaráðs samráðsvettvangs um Sóknaráætlun 28. mars 2018

# Áhersluverkefni

TAFLA 4: ÁHERSLUVERKEFNI 2018

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag				
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000	Markaðsstofa Vestfjörðum	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum.	Aukinn fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum	2016-2018
InWest	616.571	616.571	Atvest og Vestfjarðastofa	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum	Ný fjárfestingaráhræði. Starfsemi nýrra lögaðila.	2016-2018
Umhverfisstofa Vestfirðir	2.200.000	10.400.000	FV og Vestfjarðastofa	Starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum verði umhverfisstofa.	Umhverfisstofun EarthCheck. Plastpokalausir Vestfirðir.	2016-2018
Þróunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0	Atvest og Vestfjarðastofa	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli.	Öflugri og fjölmennari þróunarsetur	2016-2018
Rannsóknaklassi Vestfjarða / Fræðasetur HÍ í Bolungarvík	1.000.000	1.000.000	Fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík	Greina þörf fyrir aðstoðu til rannsókna í náttúruvísindum á Vestfjörðum	Áætlun um uppbyggingu rannsóknaraðstoðu eða annari útfærslu	2018
Þróun Vestfjarða til ársins 2035	3.500.000	2.500.000	Vestfjarðastofa og FV	Greining drifkrafta breytinga í umhverfi Vestfjarða til ársins 2035. Samvinnuverkefni sveitarfélaga og atvinnulífs	Sviðsmyndagreining Vestfjarða 2035	2018
Vestfirsku þorpin - íbúabyggð og áfangastaðir	2.500.000	0	Fræðasetur Háskóla Íslands á Hólmavík	Nýta reynslu frá Hólmavík til að koma af stað hugmynda og þróunarvinnu í nýtingu almennarvinnu í þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum.	Greinargerð með yfirsýn yfir verkefni sem eru í vinnslu. Mótun á aðferðarfræði sem nýtist á öllum Vestfjörðum	2018
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum	5.500.000	28.500.000	Háskóla­setur	Efla framhaldsnám á háskólastigi með nýrri námsleið Sjávarbyggðafraeði við Háskóla­setur Vestfjarða.	Nýtt meistaranám í boði í Háskóla­setri Vestfjarða	2017-2019
Svæðisskipulag á Vestfjörðum	2.500.000	0	FV og Vestfjarðastofa	Unnið að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði	Svæðisskipulag á Vestfjörðum	2018-2019
Lýðháskóli á Vestfjörðum	3.000.000	29.000.000	Lýðháskólinn á Vestfjörðum	Stýðja við þróun Lýðháskóla á Flateyri. Auka fjölbreytni í menntunarmöguleikum á Vestfjörðum	Stofnaður verði og hafinn rekstur Lýðháskóla á Flateyri	2018
Almannatengsl fyrir Vestfirði	3.500.000	6.500.000	Vestfjarðastofa	Auka slagkraft og samræma aðgerðir sveitarfélaga og atvinnulífs í kynningu og umræðu um stærstu málaflökka á Vestfjörðum	Aðgerðaráætlun í kynningarmálum á Vestfjörðum. Verkaskipting í umfjöllun um málaflökum og bætt aðferðarfræði	2018
Westfjords Food	1.000.000	5.000.000	Vestfjarðastofa	Þróa sameiginlegt merki matvælaframleiðenda á Vestfjörðum og kynningu inná við og útá við	Mat á áhuga fyrir þróun sameiglegs merkis. Virkur málefna­hópur matvælaframleiðanda.	2018
Glögg er gestsaugað	500.000	500.000	Vestfjarðastofa	Efla sveitarfélög í að nýta "Betra Ísland" sem vettvang fyrir samfélagslega umræðu.	Sveitarfélög á Vestfjörðum sem nýta "Betra Ísland"	2018
Menningarfulltrúi	7.910.000	1.990.000	Fjórðungssamband Vestfirðinga	Stuðningur við menningarstarf á Vestfjörðum	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa	2018



## Áhersluverkefni unnin á árinu 2018

### InWest

Ákveðið var að hægja tímabundið á verkefninu á árinu 2018 og leggja áherslu á að uppfæra grunn gögn þ.e. uppfærslu innviðagreiningu frá árinu 2014 og fá fram mótaðri framtíðarsýn fyrir atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum með sviðmyndagreiningu.

### Umhverfissvottaðir Vestfirðir

Sveitarfélögin níu á Vestfjörðum hafa hlotið silfurvottun fyrir starfsárin 2016, 2017 og 2018 frá áströlsku umhverfissvottunarsamtökunum EarthCheck. Þar á undan fengu þau viðurkenningu fyrir að standast viðmið EarthCheck (svokallað Benchmarking) fyrir starfsárin 2013-2014 og 2015. Þessi vottun er viðurkenning um að sveitarfélögin vinna markvist að úrbótum í umhverfismálum í starfsemi sinni, í átt til sjálfbærari starfshátta.

Árið 2018 var unnið ótulllega að því að koma verkefninu Græn skref áfram og eru núna 26 stofnanir á vegum sveitarfélaganna skráðar í verkefni. Úttekt mun fara fram vorið 2019 og er þá líklegt að mörg muni fara í fyrsta eða annað skref af fjórum skrefum vottunarinnar.

### Þróunarsetur á Vestfjörðum.

Verkefninu er ætlað að fjölga og auka fjölbreytni starfa á viðkomandi svæðum m.a. að skapa starfsaðstöðu fyrir stofnanir. Auka nýsköpun með því að styðja við frumkvöðla og gera þeim kleift að vinna í umhverfi þar sem er aðgengi að sérfræðipækkingu starfsmanna Vestfjarðastofu.

Þróunarsetrin eru staðsett á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík. Vestfjarðastofa heldur utan um rekstur Vestrahússins á Ísafirði og Skorar á Patreksfirði þ.e. umsjón með bókhaldi og aðstoð við endurskipulagningu og úrbætur á aðstöðu. Sveitarfélagið Strandabyggð heldur utan um rekstur Hnyðju á Hólmavík.

Á árinu 2018 var hafin umræða með sveitarfélögum á Vestfjörðum hvernig skapa mætti vettvang á sem flestum stöðum á Vestfjörðum fyrir starfsaðstöðu fyrir íbúa, atvinnulíf og stofnanir. Á grundvelli umræðunnar var mótað nýtt verkefni sem fékk stuðning úr Byggaáætlun (C1 verkefni). Um er að ræða greiningu á vinnu og áformum sveitarfélaga á Vestfjörðum um stofnun og/eða rekstur nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva á Vestfjörðum. Fyrstu niðurstöður er að mæta þarf mismunandi aðstæðum og þörfum í hverju byggðarlagi fyrir sig. Slíkt kalli á útfærslu á allavega þrem rekstarformum og eru núverandi þróunarsetur eitt af þeim.

### Straumar

Verkefnið gengur út á að skapa ungu menntuðu listafólki tækifæri til að taka þátt í menningar- og listalífi svæðisins sem það á rætur í. Þannig getur það eflt tengslanet sitt í heimbyggð og jafnframt fæst sérþekking inn á svæðið með verkefnum og hugmyndum. Ungt fólk í námi eða menntað í menningu og listum fær tækifæri í verkefninu til að koma í heimabyggð og vinna þar að metnaðarfullum menningarverkefnum á eigin forsendum. Verkefnið var upphaflega á áætlun fyrir árið 2016, en frestaðist til 2018-19 vegna mannaskipta í starfi menningarfulltrúa. Auglýst var í fyrsta sinn eftir þátttakendum í verkefnið haustið 2017 og valinn 5 manna hópur sem hafði mikið og gott samráð. Ákveðið var að slá viðburðum þeirra saman svo úr varð lítil en stórhuga listahátíð á Flateyri í júlí 2018. Viðburðurinn vakti talsverða athygli og mikla ánægju meðal heimamanna. Framhald verður á verkefninu árið 2019 og hefur þegar verið auglýst eftir umsóknum.

### Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum

Markmið verkefnisins er að efla framhaldsnám á háskólastigi með nýrri námsleið Sjávarbyggðafraeði við Háskólasetur Vestfjarða. Námsleiðin er að öllu leyti hugsuð hliðstæð

núverandi námsleið í Strandsvæðastjórnun, til að nýta samlegð. Verkefnið er því að endurtaka fyrri árangur og styrkja það sem fyrir er. Miðað var við að námið hæfist haustið 2018 en ákveðið var að fresta upphafi námsins til haustsins 2019, þar sem tími til undirbúnings reyndist of knappur, m.a. til að ráða fagstjóra og auglýsa innan og utanlands. Verkefnið er sem slíkt fjármagnað með stuðningi Sóknaráætlunar Vestfjarða og Mennta og menningarmálaráðuneytis auk eigin framlags Háskólaseturs Vestfjarða. Því verður hægt að reka verkefnið eins og upphaflega var áætlað til allt að þriggja ára og framhald endurskoðað þegar reynsla af því liggur fyrir.

## Eldri verkefni sem var lokið á árinu

### Vestfirðir altengdir.

Á árinu 2016 var samþykkt í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að eitt af áherslu verkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða yrði verkefnið Vestfirðir altengdir 2018, yrði verkefnið til þriggja ára. Úthlutað fjármagn næmi 1.350 þkr á ári eða alls 4.050 þkr. Í verkefnislýsingu sagði:

Verkefnið er stutt í heild með verkefni stjórnvalda „Ísland ljóstengt“, stefnt er að því að verkefnið haldi áfram á næstu þrem árum með tengingu alls dreifibýlis á Íslandi. Vestfirsk sveitarfélög hafa haft sem ærið verkefni að fá stofntengingar inn í landshlutann og hafa því lítt geta hugað að tengingu dreifibýlis. Önnur sveitarfélög eru kominn mun lengra með skipulag í þessum efnum og hætta er á að verkefni á Vestfjörðum færist aftar í framkvæmdaröð. Því er talið mikilvægt að geta hraða þeim málum á Vestfjörðum og fenginn verði ráðgjafi sem aðstoði sveitarfélögin í skipulagi og hafi tæknilega þekkingu. Tæknideildir sveitarfélaga leggi fram aðra vinnu við verkefnið.

Verkefnið vannst ekki á þeim forsendum sem lagt var upp með. Þegar á reyndi var ekki áhugi fyrir að vinna verkefnið miðlægt. Staða sveitarfélaganna var mismunandi varðandi undirbúning og greiningu á stöðu. Eins hafði veruleg áhrif að fyrirkomulag úthlutunar Fjarskiptasjóðs var breytt úr kerfi er byggði á mati á þörf, yfir í ígildi samkeppnissjóðs á milli sveitarfélaganna t.d. varð það letjandi þáttur í samstarfi að miðla upplýsingum.

Í ljósi reynslu ársins 2017 var ákveðið að hætta verkefninu og fjármunum fyrir árið 2018 var ráðstafað til annarra áhersluverkefna en eftirstöðvar fjármagns frá árinu 2016 og 2017, alls 1.650 þkr var úthlutað til sveitarfélaga vegna aðkeyptrar ráðgjafar og vinnu að ljósleiðaravæðingu í dreifbýli.

Lagt er mat á hvort sveitarfélag hafi nýtt sér vinnu ráðgjafa á árinu 2016 og hver óskuðu eftir sértæku framlagi. Eins er horft til að sveitarfélögin hafa öll unnið að verkefninu með vinnu eigin starfsfólks og eða með aðkeyptri ráðgjöf. Við ráðstöfun fjármagns var lagt mat á umfang verkefnisins hjá hverju og einu sveitarfélagi með viðmið eftir fjölda tengipunkta og fjarlægða innan sveitarfélagsins.

### Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum

Markmið verkefnisins er að efla þátttöku ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum í samfélögunum. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru styrkt til að halda námskeið á hinum þrem þjónustuvæðum á Vestfjörðum og einnig verður sett framlag til eflingar ungmennaráða. Árið 2018 átti verkefnastjórar fundi með ungmennum og sveitarstjórnarfulltrúm í öllum sveitarfélögum. Á þeim fundi voru virkjaðir aðilar sem talið var að ættu að vera í forsvari að stofna ungmennaráð á staðnum. Áætlað er að verkefnið haldi áfram fram til í apríl árið 2019 og á þá að vera kominn grundvöllur fyrir ungmennaráðum í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

### Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun

Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að stuðla að fjölgun fólks með háskólamenntun á Vestfjörðum og mæta þannig lægra hlutfalli menntaðs fólks í landshlutanum. Hins vegar að efla rannsóknir fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum og auka þar með samkeppnishæfni þeirra. Vegna breytinga á starfsmannhaldi samstarfsaðila verkefnisins og mótun á starfsemi Vestfjarðastofu verður að fresta framkvæmd verkefnisins til ársins 2019.

### **Viðaukasamningur**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Fjórðungssamband Vestfirðinga, undirrituðu viðaukasamning þann 24. október 2017 við samning um Sóknaráætlun Vesturfjarða 2015-2019. Markmið viðaukasamnings er að styrkja Sóknaráætlun Vestfjarða með sérstöku framlagi til stuðnings, við uppbyggingu í samgöngu-, mennta-, heilbrigðis- og veitumálum í tengslum við sérstakar áherslur landshlutans. Er hér vísað til aðgerða sem koma fram í skýrslu nefndar forsætisráherra frá í september 2016, Aðgerðaáætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar fyrir Vestfirði.

Heildarfjárhæð samningsins er 63,3 mkr, sem skiptist á eftirfarandi verkefni auk 300.000 kr. vegna umsjónar með verkefninu.

i) Flateyjarbryggja, 35 mkr.

Samkomulag hefur verið gert við Reykhólahrepp um að hafa umsjón með verkefninu á grunni verkefnalýsingar sveitarfélagsins og Vegagerðar. Fresta varð verkefninu til ársins 2019.

ii) Aukin tíðni flugs til Bíldudals, 8 mkr

Samkomulag var gert við Vegagerðina um að hafa umsjón með samningum við flugrekanda, Flugfélagið Erni. Bætt var við eina ferð og flogið tvisvar á dag einn dag í viku. Flogið var frá júní til loka október eða þegar fjármagn var uppuríð. Reynslan af verkefninu var góð og ástæða til að halda því áfram til að mæta vaxandi uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum. Lagt er til að verkefnið verði fest í sessi og ferðum fjölgað í 8 á viku m.a. með vísan til verkefnis C16 Vaxtarsvæði í Byggðaáætlun 2018-2024.

iii) Fjarþjónusta í heilbrigðismálum, 8 mkr.

Samkomulag það breyta framkvæmd verkefnisins og samið við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um framkvæmd verkefnisins með áherslu á sunnanverða Vestfirði. Hefur Heilbrigðisstofnun Vestfjarða nýtt fjármagnið til uppbyggingar heilsusela og bætt tækjabúnað fyrir innri samskipti milli starfstöðva.

iv) Meistaránám í sjávarbyggðafraeðum, 5 mkr

Samkomulag er við Háskólasetur Vestfjarða um framkvæmd verkefnisins á grunni ákvörðunar stjórnar Háskólaseturs Vestfjarða um að hefja kennslu í sjávarbyggðafraeðum haustið 2018, á grunni úttektar og fullgildingar náms frá Háskólanum á Akureyri. Miðað var við að námið hæfist haustið 2018 en ákveðið var að fresta upphafi námsins til haustsins 2019, þar sem tími til undirbúnings reyndist of knappur s.s. ráðning fagstjóra og auglýsingar innan og utanlands. Verkefnið er sem slíkt fjármagnað með stuðningi Sóknaráætlunar Vestfjarða og Mennta og menningarmálaráðuneytis auk eigin framlags Háskólaseturs Vestfjarða. Því verður hægt að reka verkefnið eins og upphaflega var áætlað til allt að þriggja ára og framhald endurskoðað þegar reynsla er af því liggur fyrir. Þetta verkefni fékk einnig stuðning sem nýtt verkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða á árinu 2018.

v) Uppbygging hitaveitu á Hólmavík, 4 mkr.

Samkomulag er við Strandabyggð um verkefnið „Undirbúningur hitaveitulagningar á Hólmavík og nágrenni“. Viðaukafjármagn var nýtt til að fjármagna þá hluta verkefnisins er varða frumhönnun og kostnaðarmat á hitaveitu, kortlagning sjávarbotns í Steingrímsfirði og lögfræðiráðgjöf vegna samninga um nýtingu jarðhita. Verkefnisstjórn verður í umsjón Vestfjarðastofu ses og Strandabyggðar.

vi) [Rannsókn á Álftafjarðargöngum. 3 mkr.](#)

Samið var við Vegagerðina um að fjármagnið yrði lagt á móti fjármagni frá Vegagerðinni til að fjármagna rannsóknir á lausum jarðefnum með borunum við líkleg munnastæði jarðgangna á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar og skrif greinargerðar um niðurstöðu þeirra. Heildarumfang verkefnisins er um 12 mkr.

## **Ný verkefni á árinu 2018**

### **Svæðisskipulag Vestfjarða**

Endurskoðuð greinargerð og drög að tillögu um svæðisskipulag fyrir Vestfirði unnin og lögð fyrir fund sveitarfélaga á Vestfjörðum í apríl 2017. Í framhaldi var sent erindi á sveitarfélögin um stofnun skipulagsnefndar og samþykktu þau aðild að verkefninu en ákveðið var að fresta framkvæmd fram yfir sveitarstjórnarkosningar vorið 2018. Samþykkt var nýtt áhersluverkefni fyrir árið 2018, Svæðisskipulag Vestfjarða. Vinnu við verkefnið var frestað til ársins 2019.

### **Sviðsmyndaverkefnið**

Unnin verður sviðsmyndagreining þar sem dregnir eru fram drifkraftar og breytinga í umhverfinu og sviðsmyndum stillt upp. Sviðsmyndavinna var unnin á Fjórðungspingi þar sem almenningur, sveitarfélög og fyrirtæki tóku þátt. Nýsköpunarmiðstöð og Framtíðarsetur Íslands vinnur að verkefninu með Vestfjarðastofu. Verkefninu lýkur fyrri hluta árs 2019.

### **Almannatengsl fyrir Vestfirði**

Verkefnið er að hluta til framhald af verkefni frá árinu 2017 „Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum“ og miðar að því að auka slagkraft og samhæfa aðgerðir til kynningar á Vestfjörðum innanlands – einkum varðandi búsetu, atvinnumöguleika og fjárfestingakosti. Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á fólkið sem býr og starfar á svæðinu og sýna hvað Vestfirðir hafa upp á að bjóða. Í tengslum við verkefnið verða birt örviðtöl við valda Vestfirðinga á Facebook síðu Vestfjarðastofu.

### **Lýðháskóli á Vestfjörðum**

Lýðháskóli svarar ríkri kröfu um aukna valkosti í menntun. Byggt er á hugmyndafræði lýðháskóla með áherslu á mannrækt, listsköpun, sjálfbærni, þjálfun og persónuleg gildi menntunar sem slíkrar, án prófa eða eininga. Gert er ráð fyrir virku félags- og fræðslustarfi utan námsskrár skólans. Í samspili náms og starfsþjálfunar fá nemendur fá tækifæri til að skilgreina sín persónulegu markmið, prófa sig í mismunandi fagþekkingu og styrkja félags- og samskiptafærni sína. Lýðháskólinn hóf starfsemi haustið 2018.

### **Vestfirsku þorpin**

Verkefnið snýst um að móta aðferðafræði til að draga saman upplýsingar og gögn til að þróa almannarými og gera úrbætur á bæjarbrag og byggðakjarna. Verkefni sem var í gangi í Hólmavík var nýtt sem grunnur en við það verður bætt fleiri verkefnum sem unnin hafa verið á svæðinu auk gagna úr verkefninu Vestfirðingi frá árinu 2014-5. Verkefninu lýkur í maí 2019.

### **Meistaránám í sjávarbyggðufræðum**

Fjallað er um verkefnið í viðaukasamningi hér fyrir ofan.

## 4. Uppbyggingarsjóður

Ein úthlutun fór fram úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða fyrir verkefni sem kæmu til framkvæmda á árinu 2018. Verklag miðaðist að því að styrkúthlutanir nýttust á almanaksárinu þannig að úthlutun styrkja var kynnt fyrir miðjan desember.

Notast var við hina nýju umsóknargátt Sóknaráætlunar í fyrsta skipti. Ferlið þótti takast nokkuð vel, þó enn þurfi að sníða af nokkra agnúa.

Áriðandi er að ljúka við gerð kerfisins þannig að lokaskýrsla verði unnin innan kerfisins í stað þess að vera með annað óskilt kerfi til þess.

Stjórn FV samþykkti á fundi 19. október 2017 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2018. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 21. nóvember 2017. 64,5 mkr voru til ráðstöfunar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og var úthlutunarnefnd falið að skipta þeim þannig:

1. Stærri verkefni (styrkir yfir eina milljón og tvö hundruð þúsund, óskipt milli nýsköpunar og atvinnuþróunarverkefna og menningarverkefna) – 25 millj.
2. Minni verkefni (styrkir allt að einni milljón og tvö hundruð þúsund, óskipt milli nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna og menningarverkefna) – 20 millj.
3. Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana – 19,5 millj.

### Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd var þannig skipuð fimm konum og fjórum körlum, en í hópi varamanna voru fimm karlar og fjórar konur. Ekki var skipað fagrað þar sem nefndin er þetta fjölmenn. Á Vestfjörðum þarf einnig að taka mið af landfræðilegri legu og gæta þess að umsóknir deilist nokkuð jafnt milli hluta svæðisins, enda uppfylli þær gæðakröfur. Fjórir aðalmenn eru kjörnir fulltúar en þrír úr hópi varamanna.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2018 voru:

#### Aðalmenn:

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi  
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafjarðarhreppi  
Viðar Guðmundsson, Strandabyggð  
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð  
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð  
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Finnbogi Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ

#### Varamenn:

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólahreppi  
Ása Dóra Finnbogadóttir, Vesturbyggð  
Martha Kristín Pálmadóttir, Ísafjarðarbæ  
Ásta Þórisdóttir, Strandabyggð  
Matthías Ágústsson, Vesturbyggð  
Örn Elías Guðmundsson, Súðavíkurhreppi  
Þórir Sveinsson, Vesturbyggð  
Helgi Hjálmtýsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Smári Karlsson, Ísafjarðarbæ

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef FV og með vefborða á BB.is.

Starf úthlutunarnefnd fór þannig fram: 106 umsóknir bárust. Nefndarmenn fengu lesaðgang að umsóknargátt og gaf hver fulltrúi gaf hverri umsókn einkunn í 13 liðum. Menningarfulltrúi tók álit allra nefndarmanna saman og var þá komin gróf heildarmynd á afstöðu nefndarmanna.

Haldinn var einn símafundur og tveir vinnufundir. Úthlutunarnefnd samþykkti 12. desember 2017 67 styrkvilyrði upp á 61,9 mkr. Styrkir sem áður hafði verið úthlutað, s.s styrkir til verkefna eða starfsemi sem ná til fleiri en eins árs bætast við upphæðina þannig að alls var úthlutað fyrir árið 2018 63,1 mkr. Niðurstaða nefndarinnar var lögð fram til kynningar á fundi stjórnar FV þann 15. desember 2018. Stjórn FV gerði ekki athugasemdir við niðurstöður úthlutunarnefndar og samþykkti á sama fundi tillögu að svarbréfi til umsækjenda.

## **Fyrirmyndarverkefni**

Af fyrirmyndarverkefnum má nefna óperuna Litla sótarann, heimildarmynd um Samúel í Selárdal, málþing um fornmenningu Stranda og Dokkuna, brugghús á Ísafirði. Einnig er áhugavert verkefni um nýtingu á kræklingi af fiskeldiskvíum.

### Litli sótarinn / Kalli og súkkulaðiverksmiðjan

Þetta verkefni tók langan tíma og nokkrar kollsteypur en heppnaðist farsælega. Ópera Vestfjarða hlaut upphaflega styrk úr Uppbyggingarsjóði árið 2016 til að setja upp Litla sótarann, en verkefnið frestaðist vegna veikinda aðstandenda. Ákveðið var að skipta um viðfangsefni og varð óperan Kalli og súkkulaðiverksmiðjan fyrir valinu. Allar þessar frestanir og breytingar voru gerðar í góðu samráði við starfsfólk Uppbyggingarsjóðs og útkoman varð heillandi og stórskemmtileg óperusýning á Ísafirði sem hlaut frábæra aðsókn og miklar vinsældir.

### Heimildarmynd um Samúel í Selárdal

Gott dæmi um verkefni sem fékk lítinn styrk sem skilaði miklu. Lagt var upp með að gera stutta heimildarmynd um uppbygginguna á Listasafni Samúels í Selárdal, en myndefnið var nýtt til að gera lítil innslög sem koma víða fram, á samfélagsmiðlum og í sjónvarpi. Tekið var upp tónlistarmyndband sem hefur fengið talsvert áhorf, enda stórskemmtilegt.

### Málþing um fornmenningu Stranda

Lítið en afar vel heppnað verkefni. Bergsveinn Birgisson, fékk styrk til að standa að málþingi um menningu á Ströndum til forna í tengslum við fornleifafundi á svæðinu. Hann fékk þungavigtarfólk af mörgum sviðum til að koma og kynna sín sérsvið sem tengdust málinu, enda vakti viðburðurinn talsverða athygli meðal fræðimanna. Þess var gætt að hver fyrirlestur væri ekki of langur. Það skilaði sér í því að gestir héldu fullri athygli allan tímann. Góð aðsókn var á málþingið og líflegar umræður á eftir.

### Dokkan

Dokkan er gott dæmi um vel heppnað einkaframtak í atvinnu- og vöruþróun. Dokkan er lítið brugghús á Ísafirði sem var sett upp með styrk úr Uppbyggingarsjóði og var opnað sumarið 2018. Verkefnið gekk ákaflega vel, öll samskipti voru til fyrirmyndar og lokaskýrslu var skilað í október. Þá var starfsemin komin á góðan skrið, afurðirnar komnar í sölu og mælast þær afar vel fyrir.

### Nýting á krækling af fiskeldiskvíum

Mjög spennandi verkefni sem stuðlar að því að nýta hráefni sem ella hefði farið í urðun. Við þríf á fiskeldiskvíum hjá nótaþvottastöðvum fellur til mikið af smáum kræklingi og fleiri ásætum. Verkefnið sýndi fram á að þetta getur farið til vinnslu á svæðinu til hagsbóta fyrir náttúruvarar og landgæði á Vestfjörðum.

**TAFLA 5: UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI 2018**

<b>Umsóknir</b>	
Fjöldi umsókna	106
Heildarfjárhæð sem sótt var um	109.451.106 kr.
<b>Veittir styrkir</b>	
Fjöldi styrkja	67
Árangurshlutfall umsókna	63,21%
Heildarupphæð styrkja	63.100.000 kr.
Meðalfjárhæð styrkja	941.791 kr.
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	11.550.000
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	39.850.000
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	10.500.000
Áætlaður fjöldi ársverka	20,02

**TAFLA 6: KYN UMSÆKJENDA / STYRKÞEGA**

<b>Umsóknir</b>	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Samtals</b>
Fjöldi umsókna	64	42	106
Fjöldi umsókna (%)	60%	40%	
Meðalupphæð umsókna	2.082.336	1.976.646	2.040.459
<b>Veittir styrkir</b>			
Fjöldi umsókna	39	28	67
Fjöldi styrkja (%)	58%	42%	
Meðalupphæð styrkja	1.008.974	848.214	941.791

**TAFLA 7: KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA**

	<b>Nær eingöngu kk störf</b>	<b>Fleiri kk en kvk störf</b>	<b>Bæði kynin jafnt</b>	<b>Fleiri kvk en kk störf</b>	<b>Nær eingöngu kvk störf</b>	<b>Samtals</b>
<b>Umsóknir</b>						
Fjöldi umsókna	6	17	47	30	6	106
Fjöldi umsókna (%)	5,66%	16,04%	44,34%	28,30%	5,66%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.141.000 ISK	2.330.882 ISK	1.917.412 ISK	2.283.558 ISK	1.865.417 ISK	
<b>Veittir styrkir</b>						
Fjöldi styrkja	1	14	28	21	3	67
Fjöldi styrkja (%)	1,49%	20,90%	41,79%	31,34%	4,48%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	400000	889.286 ISK	912.500 ISK	1.033.333 ISK	1.000.000 ISK	

TAFLA 8: ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Meðalfjárhæð
<b>Umsóknir</b>		
90 Skapandi listir og afþreying	34	1.437.312 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	12	3.081.750 kr.
11 Framleiðsla á drykkjarvörum	1	3.370.500 kr.
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfser	23	3.095.095 kr.
96 Önnur þjónustustarfsemi	12	1.162.896 kr.
56 Veitingasala og -þjónusta	3	618.667 kr.
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum o	1	831.940 kr.
32 Framleiðsla, ót.a.s.	1	2.200.000 kr.
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og t	1	1.530.000 kr.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	1	1.000.000 kr.
85 Fræðslustarfsemi	3	735.000 kr.
10 Matvælaframleiðsla	5	3.867.418 kr.
03 Fiskveiðar og fiskeldi	2	1.435.000 kr.
R MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTA	4	2.219.376 kr.
58 Útgáfustarfsemi	3	1.083.667 kr.
<b>Samtals</b>	106	
<b>Veittir styrkir</b>		
03 Fiskveiðar og fiskeldi	2	800.000 kr.
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum o	1	800.000 kr.
32 Framleiðsla, ót.a.s.	1	400.000 kr.
11 Framleiðsla á drykkjarvörum	1	1.000.000 kr.
10 Matvælaframleiðsla	3	1.300.000 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	4	1.550.000 kr.
R MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTA	5	440.000 kr.
85 Fræðslustarfsemi	3	400.000 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	27	698.148 kr.
96 Önnur þjónustustarfsemi	1	400.000 kr.
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfser	17	3.610.213 kr.
56 Veitingasala og -þjónusta	2	400.000 kr.
<b>Samtals</b>	67	



## 5. Lokaorð

Ekki leikur vafi á því að aukið samstarf og samtal milli landshluta er til bóta. Það stuðlar að því að minnka hina síbreikkandi gjá milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Allar aðferðir og öll þau skref sem stuðla að slíkri samvinnu eru af hinu góða. Ef til vill mætti koma á vettvangi þar sem fulltrúar landshlutanna skiptast á reynslusögum um það sem vel hefur gengið og gæti nýst öðrum landshlutum. Slíkt samtal gæti stóraukið skilvirkni og vinnulag. Samskipti samráðsvettvangs Sóknaráætlunar virðist til dæmis vera höktandi í mörgum landshlutum og væri mjög æskilegt að finna þar góða lausn sem gæti hentað öllum, þrátt fyrir mismunandi aðstæður.

Það er augljóslega til hagsbóta fyrir þá sem sækja um styrki að viðmót og ferlar séu sem mest samræmdir. Það er ánægjulegt að það sé verið að vinna að því að gera umsóknarferli rafræn, einföld og straumlínulöguð fyrir umsækjendur sem og úrvinnsluaðila. En þó hin nýja umsóknargátt sé komin í loftið er hún ekki nema hálfkláruð og enn þarf talsvert að vinna í henni til að gera hana liprari og auðskiljanlegri fyrir umsækjendur.

Sóknaráætlun Vestfjarða er stefnumótun fyrir landshlutann en ef auka á vægi hennar fyrir næsta áætlunartímabil þá þarf tvennt að koma til. Annars vegar að auka fjármagn til verkefna hennar og hinsvegar að heimamenn hafi verulegt frjálrsræði við mörkun stefnu og val á málaflokkum.

## 6. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 13. mars 2019

---

Aðalsteinn Óskarsson,  
sviðsstjóri Vestfjarðastofu

---

Skúli Gautason,  
menningarfulltrúi

---

Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnisstjóri

## 7. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

*Framlög ríkisins:* Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

*Viðaukasamningar:* Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

*Framlög sveitarfélaga:* Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

*Önnur framlög:* Önnur framlög til samningsins, ef við á.

*Flutt frá fyrra ári:* Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2016 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2017, ef við á.

*Vaxtatekjur:* Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2017 (sbr. ákvæði samningsins).

*Heildarupphæð:* Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárfrelaga 2017

*Áhersluverkefni:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

*Uppbyggingarsjóður:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

*Stofn- og rekstrarstyrkir:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

*Viðaukasamningar:* Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

*Umsýsla:* Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

*Óráðstafað 2017:* Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2017, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

*Bakgrunnur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnunum.

*Búseta fulltrúa:* Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

*Aldur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

*Kyn fulltrúa:* Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

Tafla 4. Áhersluverkefni

*Heiti verkefnis:* Þarfnast ekki skýringa.

*Framlag úr sóknaráætlun:* Þarfnast ekki skýringa.

*Móttframlag:* Heildarmóttframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

*Framkvæmdaraðili:* Þarfnast ekki skýringa.

*Markmið:* Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

*Lokaafurð:* Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

*Verkefnatími:* Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

*Fjöldi umsókna:* Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

*Heildarupphæð sem sótt var um:* Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

*Fjöldi styrkja:* Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Árangurshlutfall umsókna:* Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

*Heildarupphæð styrkja:* Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Fjöldi verkefna undir 500 þús.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Áætlaður fjöldi ársverka:* Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með móttframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mannmánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. 173,3 x 2 = 346,7 klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk (2080/2 = 1040 klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætlar að verkefnið hafi í för með sér sköpun starfa á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi

störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka.

Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á tvo tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalinu.